

# Austfirsk myndskreytt póstkort 2010

**Menningarmiðstöð Fljótshéraðs  
efnir til póstkortasamkeppni  
fyrir árið 2010.**

Auglýst er eftir myndskreytingum sem tengjast austfirskri menningu, listum, landslagi eða þjóðsögum. Teikningar/myndverk/ljósmyndir þurfa að vera í stærðinni A6 (10.5x14.8 cm) lágmark eða stærra en þurfa ekki að vera á tölvutæku formi. Innsend verk mega vera svart hvít eða í lit. **Skilyrði er að listamaðurinn sé Austfirðingur og búsettur á Austurlandi.** Alls verða 4 myndverk valin.

Þau myndverk sem valin verða af valnefnd munu verða eign Menningarmiðstöðvar Fljótshéraðs og mun Menningarmiðstöðin sjá um tæknilega útfærslu fyrir prentun.

Vinningshafar fá að launum 50.000 kr. hver auk þess sem nöfn þeirra munu berast víða um lönd þar sem póstkortin verða höfð til sölu fyrir heimamenn, ferðamenn og gesti fjórðungsins.

**Skilafrestur er til 19. febrúar og gildir póststimpill.** Verk skal vera merkt með leyninafni, rétt nafn listamanns skal fylgja með í lokuðu umslagi.

**Verk skal senda til:**  
**Menningarmiðstöð Fljótshéraðs,**  
**Sláturhúsinu á Egilsstöðum**  
**Kaupvangi 7, 700 Egilsstöðum**  
**merkt "PÓSTKORTASAMKEPPNI"**

Allar nánari upplýsingar veitir Ingunnur Þráinsdóttir hjá Menningarmiðstöð Fljótshéraðs í síma 899 5715 eða netfang: [mmf@egilsstadir.is](mailto:mmf@egilsstadir.is)

